

## Svæðisráðsfundur Sögu 10. nóvember 2012 á Höfn Hornafirði

### Dagskrá fundarins er þessi:

1. Fundarsetning og kynning
2. Lesin fundargerð síðasta svæðisráðsfundar
3. Skýrsla svæðisstjóra
4. Skýrslur klúbbanna
5. Umræður um skýrslur klúbbanna
6. Ræða umdæmistjóra
7. Kosning kjörumdæmisstjóra í stað Elfasar Hafsteinssonar
8. Önnur mál

### 1. Fundarsetning og kynning.

**Pétur Jökull Hákonarson** svæðisstjóri setur fundinn kl. 15.00. Bíður fundarmenn velkomna og biður þá að kynna sig.

Frá eftirtöldum klúbbum eru þessir mættir:

**Frá Búrfelli:** Jón Ó. Vilhjálmsson forseti

**Frá Mosfelli:** Magnús Þorvaldsson forseti  
Hörður Baldvinsson umdæmisritari  
Pétur Baldvinsson ritari  
Pétur Jökull Hákonarson svæðisstjóri  
Sigurður Skarphéðinsson svæðisritari

**Frá Ósi:** Guðjón P. Jónsson forseti  
Geir Þorsteinsson kjörforseti  
Haukur Þ. Sveinbjörnsson

Álfgeir Gíslason  
Stefán B. Jónsson  
Sigurður E. Sigurðsson ritari

**Frá Ölveri:** Þórarinn F. Gylfason  
Þráinn Jónsson

Á fundinn eru einnig mættar þær **Hjördís Harðardóttir umdæmisstjóri** og **Þorbjörg Lilja Óskarsdóttir**, báðar úr Sólborgu.

Enginn er mættur frá klúbbunum Eldfelli og Helgafelli.

## **2. Lesin fundargerð síðasta svæðisráðsfundar.**

**Sigurður Skarphéðinsson** les fundargerð síðasta svæðisráðsfundar, en hana ritaði Hjörtur Þórarinsson þá verandi svæðisritari. Er hún samþykkt án athugasemda.

## **3. Skýrsla svæðisstjóra.**

**Pétur Jökull** svæðisstjóri flytur skýrslu sína. Þar greinir hann frá stjórnarskiptum í klúbbunum í svæðinu. Einnig greinir hann frá því að starf klúbbana virðist fara vel af stað. Skýrslunni er dreift á fundinum og vísast í hana.

## **4. Skýrslur klúbbanna.**

**Jón Vilhjálmsson** forseti Búrfells flytur skýrslu síns klúbbs fyrstur, en hana ritaði Jóhann V. Sveinbjörnsson ritari klúbbsins. Þar greinir hann frá fundum klúbbsins sem haldnir hafa verið frá síðasta svæðisráðsfundi. Einnig gat hann um blaðið **Umhverfið** sem klúbburinn gefur út og kom út í 30 skipti s.l. vor. Vísat frekar í skýrsluna sem er dreift til fundarmanna.

**Hörður Baldvinsson** les skýrslu Eldfells í forföllum Eldfellsfélaga. Þar segir fyrst frá aðalfundi Eldfells sem haldinn var í rútu s.l. vor á leið í Garðinn. Sumarið fór í fyrstu fjáröflun klúbbsins sem fólst í að selja minnislykla og safna fyrir tækjabúnaði í sjúkraklefa nýja varðskipsins Þórs. Voru veittar 2.7 miljónir til tækjakaupanna. Nokkur fækkun hefur orðið hjá klúbbnum sem er ekki óalgengt í nýstofnuðum klúbbum. Skýrslunni er dreift á fundinum og vísast frekar í hana.

Engin skýrsla hefur borist frá Helgafelli.

**Magnús Þorvaldsson** forseti Mosfells flytur næst skýrslu sína. Skýrir frá starfinu frá síðasta svæðisráðsfundi og getur þess sem framundan er fram að jólum. Vísat einnig í skýrslu hans sem dreift er.

**Guðjón Pétur Jónsson** forseti Óss er næstur í ræðustól með sína skýrslu. Hann getur þess í upphafi að hann ætli að tala frjállega og fara útfyrir það sem í skýrslunni stendur en henni er dreift á fundinum og vísast í hana. Guðjón segist óhress með hvað lítið sé fjallað almennt um Kiwanisstarfið á umdæmisþingunum og svæðisráðsfundunum. Kröftug umræða um starfið væri nauðsynleg. Hreyfing á umræðugrundvallar væri dauðadæmd. Þá minnst hann á reglur til tilnefningar fyrirmyndarklúbba sem virðast vera sniðnar fyrir klúbbana á Reykjavíkursvæðinu. Einnig minnst hann á fjarfundarform sem hann telur nauðsynlegt að koma á, á svona víðfemu svæði. Að lokum segir Guðjón að það þurfi að taka skipulag Kiwanishreifingarinnar til gagngerar endurskoðunar.

**Þráinn Jónsson** ritari Ölvers tekur næstur til máls og flytur skýrslu sína. Henni er ekki dreift. Þráinn segir frá sumarstarfi Ölvers; fjölskylduhátið í Reykholti í Biskubstungum og að klúbburinn hafi boðið íbúum Þorlákshafnar í humarsúpu á Hafnardögum. Klúbburinn hafi veitt nokkra styrki upp á samtals 1200 þúsund. Jólatrjáa- og flugeldasala eru helstu fjáröflunarliðir Ölvers auk flugeldasýninga um áramót og þrettánda segir Þráinn að lokum..

**Pétur Jökull** svæðisstjóri gefur kaffihlé að loknu máli Þráins, en kaffi og kökur er í boði Óss.

## 5. Umræður um skýrslu stjórnar.

**Pétur Jökull** gefur að loknu kaffihléi orðið laust um skýrslur klúbbanna.

**Guðjón P.** Spyr hvort menn séu ánægðir með starfið eins og það er.

**Hjördís** umdæmisstjóri segist vera jákvæð fyrir fjarfundum og ekkert til fyrirstöðu að reyna það. Hún ræðir ný viðmið til að vera fyrirmyndarklúbbur. Kemur einnig inn á „B“ skýrslur, sem hún telur að gefi nauðsynlegar upplýsingar um störf klúbbanna.

**Jón Vilhjálmsson** kemur næstur í pontu, segir að nauðsynlegt sé að hafa ánægju af starfinu fyrir Kiwanis.

**Geir Þorsteinsson** telur að nýir félagar í yngri kantinum eigi oft erfitt með að falla í hóp eldri félaga. Því sé nauðsynlegt að gera starf klúbbanna fýsilegt fyrir yngri félaga.

**Pétur Jökull** tekur undir með Geir. Varast að starfið leggist á fárra hendur segir Pétur.

**Guðjón P.** Segist sem forseti Óss s.l. tvö ár hafa reynt minnka vinnu sinna félaga við fjáröflun. Þeir hafi ákveðið að ganga ekki í hús við fjáröflun. Guðjón telur að

bæta þurfi ímynd hreyfingarinnar á landsvísu. Nú sé tækifærið með konu við stjórnvölinn.

**Þórarinn F. Gylfason** Ölveri segir að félögum í Ölveri fjölgi hægt og sígandi. Séu orðnir 60 talsins. Klúbburinn sé sýnilegur í byggðarlaginu og félagar ólatir við að taka þátt í vinnu fyrir klúbbinn. Þórarinn segir hjálmaverkefnið hafa verið „út úr kú“ á síðasta ári en vonandi standi það til bóta með nýrri hjálmanefnd. Ölver sagði sig frá tryggingasjóði Umdæmisins á síðasta Umdæmisþingi og muni sennilega stofna sinn eigin tryggingasjóð. Þá segir Þórarinn að starf klúbbanna stjórnist ekki frá Umdæminu.

**Stefán B. Jónsson** segir að við verðum að tjá okkur og segja hvað við viljum. Megum ekki ætlast til að aðrir geri hlutina fyrir okkur. Gleðst yfir að geta notað fjarfundaform en það komi ekki alfarið í staðinn fyrir venjulega fundi.

## 6. Ræða umdæmisstjóra.

**Hjördís Harðardóttir** umdæmisstjóri tekur næst til máls. Segir að þessi svæðisráðsfundur sé sá fyrsti sem hún komi á í sínum embættisferli. Kjörorð sitt „**Kiwanishjarta er allt sem þarf**“ sé áskorun um að það sem við gerum fyrir Kiwanis gerum við frá hjartanu.

Þá hvetur hún klúbbana að setja sér markmið, gera sig sýnilegri í sínu byggðarlagi og aðlaga sig að breyttum tímum.

Síðan kemur hún inn á það sem er á döfinni hjá Umdæminu. Segir frá kröfu KI um að Umdæmið Ísland Færeyjar fylli 1000 félaga töluna. Það sé ranglátt með hliðsjón af legu landsins og hlutfalli félagafjölda af íbúafjölda. Hjördís segir að við njótum stuðnings KIEF og vonast til að reglurnar verði mildaðar. Endanleg ákvörðun verði tekinn hjá KI í janúar n.k.

Þá kemur hún inn á fjölgunarmálin sígildu. Segir að auk fjölgunarnefndar sé verið að stofna fjölgunarteymi með tveimur fulltrúum frá hverjum klúbbi. Kvennanefndin hafi unnið frábært starf segir Hjördís, stutt í að nýr kvennaklúbbur Dyngjan verði stofnaður.

Nýverið afhenti K-dagsnefnd tvo viðbótarstyrki til BUGL og Miðstöðvar foreldra og barna að upphæð 350 þúsund til hvors aðila.

Nú er búið að samþykkja hjá KI ný klúbbalög sem séu mun einfaldari en eldri lögin. Nú geti klúbbarnir gert samþykktir hver fyrir sig sem séu sniðnar að þeirra þörfum, þó innan ramma klúbbalaganna. Hvíta bókin svokallaða sé komin út og einnig á rafrænu formi á Kiwanis.is. Raffréttir séu Kiwanisfréttir sem verði gefnar út í rafrænu

formi og sendar öllum félögum með netfang. Blaðið í hefðbundnu formi verði samt gefið út fyrst um sinn. Óskar Guðjónsson sé ritstjóri hvorutveggja.

Ferðanefnd er með átta daga ferð á þrjónunum á Evrópuþingið í vor. Ný hjálmanefnd undir forystu Haraldar Finnssonar Jörva hefur tekið til starfa og er farin að funda með Eimskipsmönnum.

Leit að nýju húsnæði fyrir hreyfinguna hefur staðið yfir síðan Engjateigurinn var seldur segir Hjördís. Nú sé búið að gera tilboð í áhugavert húsnæði á Bíldshöfða í Reykjavík. Beðið sé eftir svari við tilboðinu.

Styrktarverkefnið „Eliminate“ gegn stífkrampa gengur vel. Hjördís hvetur klúbbana að taka vel á verkefninu. Klúbbar geti gerst það sem er nefnt „Módelklúbbar“ með því að greiða í verkefnið ákveðna upphæð á hvern félaga meðan á verkefninu stendur eða til ársins 2015. Sagði að klúbbarnir ættu von á bréfi frá Styrktarnefndinni á næstunni.

**Geir** spurði hvort ekki komi til greina að Umdæmið leigði húsnæði í stað þess að kaupa.

**Hjördís** svaraði því til að af athuguðu máli væri betra að eiga en leigja.

**Stefán** hvetur Hjördísi að vera sýnilega.

## 7. Kosning kjörsvæðisstjóra í stað Elíasar Hafsteinssonar.

**Pétur Jökull** tilkynnir að Elías Hafsteinsson Ölveri hafði gefið í skyn að hann geti ekki sinnt svæðisstjórastarfinu að ári vegna brottflutnings af landinu. Pétur segist því hafa beðið forseta Ölvers að stinga upp á öðrum í embætti kjörsvæðisstjóra.

**Þórarinn F** fær orðið og upplýsir að aðstæður hafi breyst hjá Elíasi þannig að hann muni taka við svæðistjóraembættinu eins og til stendur. Varð því ekki af kosningu.

## 8. Önnur mál.

**Þórarinn F.** Biður um orðið og afhendir Geir kjörforseta Óss gjöf frá Ölveri í tilefni 25 ára afmælis klúbbsins.

**Pétur Jökull** slítur fundi kl. 16.55

